



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 19. maí 2023

Tilvísun: 2023050121

Alþingi
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027.

Embætti ríkislögreglustjóra fagnar því að lögð sé fram á ný þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027. Í þingsályktuninni má finna tvær aðgerðir þar sem gert er ráð fyrir samstarfi við lögreglu vegna verklags og úrræða fyrir notendur í sjálfsvígshættu. eru það aðgerð nr. 1.B.2. um að *gagnreynt úrræði verði valið, innleitt og samræmt í meðferð fyrir notendur í mikilli sjálfsvígshættu og stuðning við fjölskyldur þeirra* og aðgerð nr. 1.B.3. að *samræmt verklag og leiðbeiningar um stuðning við eftirlifendur eftir sjálfsvíg liggja fyrir og því sé fylgt*.

Lögreglan hefur reglulega afskipti af einstaklingum sem glíma við sjálfsvígshugsanir, bæði í tengslum við meðferð sakamála og önnur verkefni lögreglu. Á árunum 2018-2020 voru skráðar að jafnaði 447 tilkynningar á ári vegna gruns um sjálfsvígshættu í málaskrá lögreglunnar.¹ Ef einstaklingur er metinn í bráðri sjálfsvígshættu hefur lögregla heimild til að tryggja öryggi hans (og eftir atvikum annarra) með frelsissviptingu. Í kjölfarið óskar lögregla eftir lækni- og sálfræðingum á bráðadeild, þaðan sem viðkomandi er stundum fluttur á geðdeild, samkvæmt ákvörðun læknis. Engar aðrar valdheimildir eru til staðar. Eins og staðan er í dag skortir nauðsynlega betri verkfæri og verkferla til að hjálpa einstaklingum í bráðri sjálfsvígshættu en frelsissviptingu lögreglu. Engin samræmd, þverfagleg framkvæmd eða þjónusta við einstaklinga í sjálfsvígshættu er til staðar af hálfu heilbrigðisþjónustu, sveitarfélaga og lögreglu á landsvisu. Þá er þjónustuframboð mismunandi, sveitarfélög misjafnlega burðug til að styðja við einstaklinga með alvarlegan geðvanda og getur reynst mjög flókið fyrir einstaklinga í sjálfsvígshættu að nálgast þá þjónustu sem þeir þurfa.

Árið 2009 samþykkti danska þingið lög um að lögreglustjórar í hverju umdæmi skyldu tryggja sk. PSP samstarf (dk. politi, sociale myndigheder og psykiatri): *“Lögreglustjóra ber að vinna að samstarfi lögreglu, félagsmálayfirvalda (þ.m.t. barnaverndar), og geðheilbrigðisþjónustu sem lið í aðgerðum í þágu félagslega viðkvæms fólks”* (dk. Politidirektøren skal virke for at etablere et samarbejde mellem politiet, de sociale myndigheder og social- og behandlingspsykiatrien som led i indsatsen over for social udsatte personer).³ Forsendan fyrir PSP samstarfinu er að stjórnvöld miðli gagnkvæmum upplýsingum og vinni þverfaglega saman að því að aðstoða einstaklinga með alvarlegan geðvanda. Slíkt á að tryggja bestu mögulegu hjálp, varna mögulegum sjálfsskaða og brotum.

Embætti ríkislögreglustjóra skoðar nú hvort nýleg breyting á 11. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 sé næg lagaheimild til að þróa slíkt samstarf á landsvisu. Í greininni segir að lögregla skuli eftir því sem þörf er á, hafa gagnkvæmt samstarf við önnur stjórnvöld, stofnanir, félagsamtök og einkaaðila

¹ Hafdís Smáradóttir og Sæunn Björk Pétursdóttir (2021). Samskipti lögreglu við fólk með geðraskanir. Hvernig má bæta þjálfun lögreglumanna í samskiptum við fólk með geðraskanir? Sótt af [Samskipti lögreglu við fólk með geðraskanir \(skemman.is\)](https://www.rls.is/samskipti-lögreglu-vid-folk-med-geðraskanir-skemman.is)

² Det kriminalpræventive råd (2023). PSP – Politi – Sociale myndigheder – Psykiatri. Sótt af [PSP - Politi - Sociale myndigheder - Psykiatri - Det Kriminalpræventive råd \(dkr.dk\)](https://www.rls.is/PSP-Politi-Sociale-myndigheder-Psykiatri-Det-Kriminalpræventive-råd-dkr.dk)

³ Retsplejeloven nr. 1835 15/9/2021. (2021) Sótt af [Retsplejeloven \(retsinformation.dk\)](https://www.rls.is/retsplejeloven-retsinformation.dk)

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

við lögreglurannsóknir, framkvæmd löggæslu og önnur verkefni og þá sérstaklega með félagsmála, heilbrigðis- og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra. Mögulega kann því að vera rétt að í aðgerð I.B.1 um að samræmt verklag verði innleitt á heilbrigðisstofnunum um mat á sjálfsviðshættu verði lögreglan og sveitarfélög einnig tilgreind sem samstarfsaðilar.

Embættið vill taka undir ábendingar Embættis landlæknis um að kveða mætti fastar að orði í áætluninni varðandi áhrif félagslegra þátta og lífsaðstæðna fólks á geðheilbrigði, ekki hvað síst er varðar ofbeldisbrot á borð við heimilisofbeldi, kynferðisbrot og ofbeldi gegn börnum.⁴ Bætt geðheilbrigðisþjónusta í fangelsum⁵ og aukin sálfræðileg aðstoð við brotaþola og sakborninga⁶ og áherslur stjórnvalda á aukna samvinnu heilbrigðisstofnana við lögreglu og sveitarfélög til að draga úr líkum á heimilisofbeldi eru mikilvæg skref í rétta átt⁷.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra


Eygló Harðardóttir


Kristbjörg Fjöla Hrólfsdóttir

⁴ Office of the Special Representative of the Secretary-General on Violence against Children (2020). Hidden scars: how violence harms the mental health of children. Sótt af [final hidden scars how violence harms the mental health of children.pdf \(un.org\)](#)

⁵ Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins (e.d.). Geðheilsuteymi fangelsa. Sótt af [Geðheilsuteymi fangelsa | Heilsugæslan \(heilsugaeslan.is\)](#)

⁶ Stjórnarráðið (2022). Sálfræðiaðstoð vegna kynferðisofbeldis tryggð að lokinni skýrslutöku hjá lögreglunni. Sótt af [Stjórnarráðið | Sálfræðiaðstoð vegna kynferðisofbeldis tryggð að lokinni skýrslutöku hjá lögreglunni \(stjornarradid.is\)](#)

⁷ Drifa Jónasdóttir (2021). Verklag í heilbrigðisþjónustu við móttöku þolenda. Heilbrigðisráðuneytið. Sótt af [Verklag í heilbrigðisþjónustu við móttöku þolenda heimilisofbeldis \(stjornarradid.is\)](#)